




Fréttabréf
forseta í febrúar
2018

Ágætu DKG systur

Tíminn flýgur á undraverðum hraða og áður en við vitum af verður maí mánuður kominn og vorþingið okkar að hefjast. Nokkur umræða hefur verið á facebook síðunni okkar um þátttöku á vorþinginu. Sú hugmynd kom að hvetja allar deildir til að eiga að lágmarki þrjá fulltrúa á þinginu. Það væri nú gaman. Ég heyri sumar konur segja að það sé langt og flókið að ferðast til Egilsstaða, og vil þá benda á að ferðalög geta líka verið skemmtileg, sérstaklega ef maður er í góðum félagsskap. Við sem erum að reyna að efla allar konur í samtökunum megum ekki setja slíkt fyrir okkur, ef við erum á annað borð færar um að ferðast. Það verður ný upplifun fyrir mig að sjá hvað konur á Austurlandi eru að vinna við og ég veit að það á við um margar aðrar líka. Þema þingsins er „Sköpun, gróska og gleði“ og dagskráin verður kynnt á allra næstu dögum. Egilsstaðir eru rómaðir fyrir veðurbliðu og því um að gera að sameina fræðslu og frí og eiga góðar og gefandi stundir á vorþingi DKG. Upplýsingar um gistimöguleika má finna hér <https://www.dkg.is/is/frettir/gisting-a-vorthinginu-a-egilsstodum>.

Það gladdi mig sérstaklega að geta sett á facebook síðuna okkar upplýsingar um viðurkenningar sem konur í samtökunum hafa hlotið og ég hvet ykkur til að vekja athygli á slíku annað hvort með því að senda upplýsingar á mig eða setja sjálfar beint inn á síðuna.



Af undirbúningi fyrir Evrópuráðstefnuna er það helst að fréttu að verið er að gera samning við Hótel Natura um að hýsa ráðstefnuna. Undirbúningshópur hjá okkur fékk tilboð og skoðaði hótelin og Alþjóðasamtökin sjá svo um samningagerðina. Nú er verið að vinna að því að mögulegt verði að skrá sig og greiða um leið með kreditkorti og nú sést til lands í þeirri vinnu. Það er að mörgu að hyggja við undirbúnning á svona stórum viðburði og ljóst að við munum læra mjög mikið af þessu ferli. Megin vinnan í undirbúningsnefndunum fer svo af stað með vorinu.

Verkefni í DKg eru ærin og snúast öll um að efla konur með einum eða öðrum hætti. Ég minni enn og aftur á „Þekkingaforðann“ en viðbrögð við þeirri hugmynd hafa verið mjög lítil.

Eins þá hugmynd að setja nú myndir af félagskonum í félagatalið okkar. Það er tilvalið að sameina þessi tvö verkefni á einum deildarfundi. Búa til lista yfir möguleg umfjöllunarefni kvenna í deildinni og taka myndir í félagatalið. Myndirnar á að senda á formann félaga-og útbreiðslunefndar á netfangið sigga@olfus.is.

Vorþing DKG 2018 verður eins og áður segir haldið þann 5.maí á Egilsstöðum. Mikið væri nú gaman ef okkur tækist að hafa þar frábæra mætingu. Það er nefnilega svo gaman þar sem konur eru saman að fjalla um menntamál. Tilboð vegna gistingar verður sent ykkur mjög fljótlega og enn er hægt að fá ódýr flugfargjöld. Upplýsingar um skráningar verða sendar um leið og verð liggur fyrir.

Aðalfundir deildanna eru nú framundan og stjórnarskipti verða í sumar. Ég vona að vel gangi að fá fólk í nýjar stjórnir. Gott er að minna konur á að í svona litlum félagseiningum þurfa allir að leggja sitt af mörkum og jafnframt hversu eflandi það er fyrir einstaklinga að takast á við að vera í forsvari.

Bestu kveðjur úr vorblíðunni að vestan

Jóna

